

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 279/2023**

**frá 27. október 2023**

**um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/423 frá 24. febrúar 2023 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem varða lögverndaðar starfsgreinar, sem sett eru fram í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB og (ESB) 2018/958, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn og til að fella gagnagrunninn yfir lögverndaðar starfsgreinar inn í það kerfi<sup>(1)</sup>.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1d (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„1e. **32023 D 0423**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/423 frá 24. febrúar 2023 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem varða lögverndaðar starfsgreinar, sem sett eru fram í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB og (ESB) 2018/958, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn og til að fella gagnagrunninn yfir lögverndaðar starfsgreinar inn í það kerfi (Stjtið. ESB L 61, 27.2.2023, bls. 62).“

*2. gr.*

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/423, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 61, 27.2.2023, bls. 62.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.